

Fyrsta leyni útvarpsstöð unglunga.

Nokkrar litlar ólöglegar útvarpsstöðvar spruttu upp þegar RÚV fór í verkfall.

Margt gekk á í október 1977. Meðal annars fóru opinberir starfsmenn sem voru meðlimir í Bandalagi Starfsmanna Ríkis- og bæja (BSRB) í fyrsta sinn í umfangsmikið verkfall sem skall á að miðnætti 11. Október.

Meðal annars hættu Ríkisútvarpið og Sjónvarpið útsendingum. Kennarar og skólastjórar voru í Bandalagi Háskólamanna og voru ekki í verkfalli, en deilur komu fljótt upp hvort skólastjórum væri heimilt að opna skólana í stað húsvarða. Skólastofur voru ekki þrífarnar. Flensborgarskóli í Hafnarfirði hætti kennslu og þar með skapaðist tækifæri og tími til að gera eitthvað skemmtilegt svo sem að prófa að reka útvarpsstöð.

Þetta hafði aðdraganda. Hlynur Jónsson Arndal, nemandi í Flensborg hafði áhuga á smíði ýmissa rafeindatækja og tókst að smíða nokkur þrátt fyrir takmarka tækniþekkingu. Hægt var að kaupa tilbúin kit til samsetningar og hann ásamt kunningum smíðuðu kraftlítinn FM sendi sem þeir gerðu tilraunir með. Drægni var lítil, rétt í næstu götu en hljómgæði voru góð. Spennugjafinn var 9 volta rafhlaða.

Með smá grúski fannst transitor sem hafði sömu sveiflutíðni og sá fyrir var. Munurinn var sá að hann þoldi 40 volta spennu. Drifið var í að smíða aflgjafa með 40 volta spennubreyti og var honum komið fyrir í kökuboxi. Tilraunir sýndu að drægni náðu nú yfir allan Hafnarfjörð og nágrannasveitafélög. Þegar verkfallið skall á var búið að smíða lítinn mixer sem gerði kleift að kynna lög, spjalla við áheyrendur og flytja tónlist.

Þar sem áhugi Hlyns takmarkaðist við tæknimál, tók bróðir hans Ívar við hljóðnemanum og fékk vin sinn Aðalstein Jørgensen til liðs við sig, sem átti bæði mikið af hljómplötum og hafði góðan tónlistarsmekk.

Kveikt var á sendinum eftir hádegi, menn vildu auðvitað sofa út, en útsendingar stóðu oft til miðnættis eða þar til foreldrar Hlyns og Ívars vildu ganga til náða og ráku þá í rúmið. Margt skemmtilegt gerðist hjá útvarpsþulunum. Einn daginn gleymdu þeir félagar að slökkva á mikrafóninum. Heyrðu þá allir sem á stöðina hlustuðu hvernig þeim félögum gekk í kvennamálum kvöldið áður. Ívar hafði á orði að það hefði verið frekar vandræðalegt að koma í skólann daginn eftir.

Staðsetning stöðvarinnar virtist á allra vitorði. Norðurbærinn í Hafnarfirði fyllist af bílum og var mikið rúntað fram hjá húsinu og glápt á það. Húsmæður í hverfinu hringdu gjarnan og óskuð eftir því að útvarpstjórinn skipaðu börnum þeirra að koma heim að borða. Ef slíkri skipun var ekki hlýtt í fyrstu tilraun, fylgdu lítt dulbúnar hótanir þeirri síðari og fæst börn voguðu sér að óhlýðnast útvarpinu. Einnig voru saumaklúbbar að biðja fyrir kveðjur og orðsendingar.

Það kom fyrir að bankað var á dyr og menn vildi lána plötur og var það vel þegið. Engar nákvæmar upplýsingar lágu fyrir um umfang hlustunar en greinilegt að mjög margir hlustuðu. Aðalsteinn hafði mikið upphald á einni hljómsveit og spilaði eitt lag þeirra mjög oft. Eftir að útsendingar hættu og Ríkisútvarpið tók upp þráðinn, brá svo við að þetta lag hlaut mikla spilun en hafði fram að þessu ekki heyrst mikið þar á bæ.

Eftir að verkfallinu lauk var endanlega slökkt á sendinum. Skólinn kallaði en búnaðurinn hlaut ýmis örlög. Ekki er vitað hvað um mixerinn varð, aflgjafinn góði í kökukassanum var notaður næstu 25 árin í bílskúr heimilisins fyrir ferðaútvarpstæki en sendirinn sjálfur lenti í skúffu. Nú er þessi sendir ásamt öðrum sem rekinn var ólöglega á þessum tíma á Samgöngusafninu í Skógum.

Reykjavík 5. janúar 2020

Hlynur Jónsson Arndal